

27

25. febr.

AUGLÝSING

um greiðslur sjúkrasamlaga fyrir læknisverk.

Að gefnu tilefni er vakin athygli stjórna sjúkrasamlaga á því, að sjúkrasamlögum er óskilyt, nema sérstaklega sé um annað samið, að greiða læknum, hvort heldur eru héraðslæknar eða aðrir læknar, hærri gjöld fyrir læknisverk á vegum samlaganna en samkvæmt því, sem fyrir er mælt í hinum opinberu læknagjaldskrá, þ. e. gjaldskrá fyrir héraðslækna (auglýsingar nr. 2 11. janúar 1933, nr. 30 1. marz 1943 og nr. 15 6. febrúar 1952 og auglýsing dags. í dag) og gjaldskrá fyrir lækna, aðra en héraðslækna (auglýsing nr. 102 23. október 1933).

Heilbrigðismálaráðuneytið, 25. febrúar 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

28

1. marz

AUGLÝSING

um breytingar á lyfjaverði.

Lyf og vinna samkvæmt lyfsöluskrá I frá 1. marz 1954 skal frá og með 1. marz 1955 hækka um 5% frá greindu verði í þessari lyfsöluskrá.

Enn fremur leiðréttist eftirfarandi verð í lyfsöluskrá II frá 1. sept. 1954 þannig:

Benadryl, P.D.C., Caps. x 50 kr. 28.30

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 1. marz 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

29

3. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sveins Gunnarssonar og Margrétar Árnadóttur frá Mælifellsá, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. marz 1955.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Sveins Gunnarssonar og Margrétar Árnadóttur frá Mælifellsá í Skagafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sveins Gunnarssonar og Margrétar Árnadóttur frá Mælifellsá.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Árna Sveinssyni frá Mælifellsá í Skagafirði til minningar um foreldra hans.